

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Gísli Jónsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 6 × 5 daga. Að öðru leyti á hjeraðsdómurinn óraskaður að standa. Ákærði borgi allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 32/1875:

Rjettvísin

gegn

Guðmundi og Elínu Sigurðar börnum.

Dómur.

Með dómi sýslumannsins í Árnassýslu frá 17. júlí f. á. eru systkinin Guðmundur Sigurðsson og Elín Sigurðardóttir frá Langstöðum, sem alið hafa barn saman, er fæddist 20. júlí 1873, dæmd í 1 árs betrunarhússvinnu og til að borga málskostnað ásamt Jóni nokkrum Jónssyni, er málið og hafði verið höfðað á móti fyrir það, að hann hafði gengizt undir barnið, en dóm-inum hefur eigi verið áfrýjað að því, er hann snertir, heldur að eins fyrir hönd systkinanna.

Það er með eigin játningu hinna ákærðu, sem eru milli þrítugs og fertugs, og aldrei hafa áður verið dæmd nje ákærð fyrir nokkurt lagabrot, viðurkennt og sannað með þeim skýrslum, sem komnar eru fram undir rannsókn málsins, að þau hafi gjört sig sek í glæp þeim, sem þau eru dæmd fyrir. Að vísu kenndi móðirin barn-

íð fyrst ranglega manni, sem ekki var til, og síðar voru þau bæði samráða í því, að fá annan mann, sem fyr greinir, að játa á sig faðernið, um leið og þau sögðu honum frá, hvernig á stæði fyrir sjer; en þar eð mál þetta er höfðað gegn hinum ákærðu að eins fyrir sífjaspell, getur þetta atriði ekki komið til greina hinum ákærðu til áfellis undir þessu máli. Þau hafa stöðugt lifað hjá foreldum sínum, sem ekki hafa haft annað heimilisfólk en börn sín, og er eitt þeirra fábjáni; sjálf hafa þau fengið fremur slæmt uppeldi, og eru einföld og fáfróð og illa að sjer í kristindómsþekkingu sinni, en hafa þó meinlaust orð fyrir breytni sína hingað til, og brot sitt hafa þau hreinskilnislega meðgengið. Loks athugast, að hin ákærðu hafa stöðugt borið, að þau hafi ekki haft holdlegt samræði saman nema í það eina skipti, sem barnið kom undir.

Eptir þessum málavöxtum virðist rjettinum hegning hinna ákærðu hæfilega metin eptir 165. grein hegningarlaganna til 18 mánaða betrunarhússvinnu fyrir hvort þeirra, eins og þeim ber sameiginlega að borga málskostnað fyrir undirrjettinum að $\frac{2}{3}$, þó svo að þau að fullu greiði svaramanni sínum 6 kr. í málsvarnarlaun, og enn fremur allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir landsyfirrjettinum 10 kr. til hvors um sig.

Rekstur málsins hefur að vísu staðið lengi yfir í hjeradi, en undirdómarinn virðist hafa rjettlætt drátt þennan með embættisönnnum sínum og veikindum, meðan á málinu stóð. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærðu Guðmundur Sigurðarson og Elín Sigurðardóttir eiga hvort um sig að sæta betrunar-

hússvinnu í 18 mánuði og borga $\frac{2}{3}$ af kostnaði málsins í hjeraði in solidum, þó svo, að þau greiði að fullu 6 krónur í málsvarnarlaun til svaramanns síns, Th. Guðmundsens. Svo greiði þau og in solidum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 33/1875:

Hið opinbera

gegn

Halldóri yfirkennara Friðrikssyni.

Dómur.

Mál þetta er rekið og dæmt í hjeraði af Jóni landshöfðingjarítara Jónssyni, sem með landshöfðingjabrjefum 9. septembermán. og 13. októbermán. f. á. er skipaður til »á þessu hausti, og vetri þeim, er í hönd fer, að gegna með eigin ábyrgð þeim störfum viðvíkjandi upp-ræting fjárkláðans» í Árnassýslu vestan Hvítár, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkur kaupstað, »sem hlutaðeigandi sýslumenn annars ættu að hafa á hendi».

Tjeður embættismaður virðist hafa skilið þessar skipanir þannig, að þær veittu honum löggilding til að setjast í dómarasæti og upp kveða dóma í þeim málum, er kynnu að rísa út af ráðstöfunum til að upp-ræta fjárkláðann, en þá skoðun getur yfirdómurinn ekki aðhyllt. Tilgangurinn með tjeðum landshöfðingjaskipunum virðist hafa verið sá, að fá fullkomna samstemmu í því, hvornig hinum umboðslegu ráðstöfunum til að upp-ræta fjárkláðann væri framfylgt á hinu